



SJÁLFSMATSSKÝRSLA AKURSKÓLA

2013-2014

Niðurstöður og umbótaáætlun.

Sjálfsmatsteymi Akurskóla



Efnisyfirlit

1	Inngangur	2
2	Um skólann	3
2.1	Skólastefna Akurskóla	3
3	Viðfangsefni mats 2013-2014	5
4	Helstu niðurstöður og umbótaáætlun.....	6
4.1	Skólapúlsinn	6
4.1.1	Nemendur	6
4.1.2	Foreldrar	7
4.1.3	Starfsmenn	11
4.2	Læsi	14
4.2.1	Leið til læsis.....	14
4.2.2	Orðarún	15
4.3	Logos-læsissskimun.....	15
4.3.1	3. bekkur	15
4.3.2	6. bekkur.....	16
4.3.3	9. bekkur.....	17
4.4	Talnalykill	18
4.4.1	3. bekkur	18
4.4.2	6. bekkur.....	18
4.5	Samræmd próf.....	19
4.5.1	4. bekkur.....	19
4.5.2	7. bekkur	20
4.5.3	10. bekkur	20
4.6	Viðburðir skólans.....	21
4.7	Mötuneytið	22
4.8	Samtalsdagar	22
4.8.1	Haustfundir	22
4.8.2	Janúarfundir	22
4.8.3	Maífundir.....	23
4.9	Starfsmannasamtöl	23
4.10	Endurskoðun skólanámskrár og innleiðing nýrrar aðalnámskrár	23
4.11	Niðurstöður teyma.....	24
5	Lokaorð.....	26

1 INNGANGUR

Skipulag innra mats í Akurskóla byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Viðmiðið er sett um stöðugan vöxt og árangur í skólastarfinu og að Akurskóli sé í röð fremstu grunnskóla landsins. Framtíðarsýn Reykjanesbæjar er höfð að leiðarljósi þar sem stefnt er að því að bæta námsárangur og vellíðan nemenda og starfsfólks.

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla,
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (lög um grunnskóla nr. 91, 2008).

Mat á skólastarfi er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir, innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila, ytra mat.

Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg viðbrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Niðurstöður skal nýta til umbóta í skólastarfi að höfðu samráði við skólaráð.

Matshópur setur upp áætlun um innra mat til þriggja ára í senn og leggur fyrir starfsmannafund. Sjálfsmatsáætlun er síðan birt á heimasíðu skólans. Áætlun hvers árs er yfirfarin að hausti og kynnt á starfsmannafundi. Hlutverk matshóps er að fylgja eftir sjálfsmatsáætlun, aðstoða við fyrirlögn kannana, vinna úr niðurstöðum þeirra og sjá til þess að kynna niðurstöður fyrir starfsmönnum, nemendum, foreldrum og birta þær á heimasíðu.

2 UM SKÓLANN

Akurskóli hóf starfsemi haustið 2005. Skólinn var formlega vígður 9. nóvember 2005.

Akurskóli er staðsettur í Innri-Njarðvík en nafn skólans er dregið af Akurskóla sem var byggður árið 1891, skólahald stóð þar fram til ársins 1906.

Skólastjóri er Sigurbjörg Róbertsdóttir og aðstoðarskólastjóri er Bryndís Guðmundsdóttir. Deildarstjórar eru Helga Eiríksdóttir og Sólveig Silfá Karlsdóttir.

2.1 Skólastefna Akurskóla

Einkunnarorð Akurskóla

„Börn eru gleðigjafar, skapandi og fróðleiksfús“

Í Akurskóla er leitast við að móta skólastarf, framtíðarsýn og markmið í samvinnu allra sem í skólanum starfa, foreldra og nemenda. Í þeirri vinnu er lögð áhersla á að gefa nemendum tækifæri til frekara náms og skapa bestu skilyrði til þess. Lögð er áhersla á að höfða til áhugasviðs nemenda, að efla gagnrýna hugsun og að byggja nám á styrkleikum hvers og eins. Virðing nemenda fyrir sjálfum sér og umhverfinu er höfð að leiðarljósi.

Ytra skipulag

Kennarar vinna saman í teymum í kennslustundum og við skipulagningu- og undirbúning kennslunnar. Hver umsjónarkennari er með umsjónarhóp sem á sitt heimasvæði. Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og samvinnu nemenda. Umhverfi Akurskóla býður upp á mjög áhugaverða rannsóknarvinnu. Mikil náttúrufegurð er í næsta nágrenni skólans og einnig eru þar mannvirki sem eiga sér sögu. Í Akurskóla er lögð áhersla á að nýta þennan auð í grenndarkennslu og einnig viljum við tengjast atvinnulífinu í næsta umhverfi til náms.

Þátttaka nemenda

Við mótun skólastarfsins viljum við að raddir nemenda heyrast. Nemendur eiga fulltrúa í skólaráði skólans og lýðræðisfundir nemenda eru haldnir reglulega. Ábyrgð nemenda á eigin markmiðum og námsframvindu er mikilvæg. Í Akurskóla læra nemendur að setja sér markmið með náminu og meta eigin námsframvindu og annarra.

Þátttaka foreldra

Í Akurskóla höfum við sett okkur það markmið að nýta krafta og þekkingu foreldra til þess að efla skólastarfið. Meginmarkmið foreldrastarfs er að byggja upp jákvætt samstarf heimilis og skóla og bæta líðan nemenda. Svo það megi verða eiga foreldrar fulltrúa í teymum, boðið er upp á námskeið og óskað er eftir þátttöku foreldra í bekkjarstarfi.

Skólustarf Akurskóla hvílir á Fræjunum sem unnin voru af starfsmönnum skólans í samvinnu við foreldrasamfélagið.



Læsi í sinni víðustu merkingu er yfir og allt um kring í skólustarfinu.

3 VIÐFANGSEFNI MATS 2013-2014

	Matsaðilar og tímasetning mats	Heiti mats – hvað kannað.	Þátttakendur	Stefna og markmið	Nám og kennsla	Námsmat	Nemendur	Starfsfólk og starfsmanna-stjórnun	Aðbúnaður	Stjórnun	Ytri tengsl	Annað
1	Skólapúlsinn. Þrjár mælingar, ein á haustönn og tvær á vorönn.	Nemendakönnun: virkni nemenda, líðan nemenda bekkjarandi	Nemendur 6. – 10. bekk.- úrtak í hverri mælingu		x		x		x			x
2	Skólapúlsinn, febrúar 2014	Foreldrakönnun um gæði skólans, samskipti við skólann virkni í skólasterfi og námið heima fyrir	Úrtak foreldra – forráðamanna allra nemenda	x	x	x			x	x	x	x
3	Skólapúlsinn, apríl 2014	Starfsmannakönnun um stefnumótun, stjórnun, starfsþróun, jafnrétti/jafnræði, starfsanda, o.fl.	Allir starfsmenn	x	x	x		x	x	x		
4	Leið til læsis. Sjónrænn orðaforði og lesfimi.	Kennarar 1.-4. bekkja í samráði við sérkennara. Lagt fyrir tvisvar á ári.	Nemendur í 1.-4. b		x							
5	Umsjónarkennarar í 1. bekk ásamt sérkennara nóv. feb. og apríl	Læsi 1	Nem. 1. bekkjar		x							
6	Rannsóknir og greining febrúar 2014	Tómstundaiðkun, læsi og vímuefnanotkun	Nem í 8. 9. og 10. bekk				x					
7	Samræmd próf Námsgagnastofnun september	Námsleg staða í íslensku, stærðfræði 4. 7. og 10. bekk og ensku í 10. bekk.	4. 7. og 10. b.		x		x					
8	Skólaskrifstofa Reykjanesbæjar 9. bekkur sept. 2013 3. bekkur jan. 2014 6. bekkur okt.-nóv. 2013	Logos Lesskimun Lestrarhraði og lesskilningur	Nem. 3. 6. og 9. bekkjar		x		x					
9	Umsjónarkennarar Orðarún 2var á ári.	Orðarún - lesskilningur	Nem. 3. – 8. bekkja		x		x					
10	Deildarstjóri sérkennslu. Eftir að niðurstöður samræmdra prófa liggja fyrir	Greinandi próf í talna og aðgerðaskilningi	Hluti nem. 4. bekkjar		x		x					
11	Deildarstjóri sérkennslu og fræðsluskrifstofa. Haustönn	Hóppróf talnalykils	Nem. 3. og 6. bekkjar		x		x					
12	Stjórnendur og starfsmenn Akurskóla. Allt skólaárið.	Endurskoðun skólanámskrár Akurskóla, aðlöguð að nýrri aðalnámskrá.	Allir starfsmenn, foreldrar, nemendur	x	x	x						

4 HELSTU NIÐURSTÖÐUR OG UMBÓTAÁÆTLUN

4.1 Skólapúlsinn

Skólapúlsinn er matstæki sem skólinn notar til að meta viðhorf nemenda, foreldra og starfsmanna til hinna ýmsu þátta í skólastarfinu.

4.1.1 Nemendur

Nemendur í 6. – 10. bekk koma í þremur 40 manna hópum í september, janúar og maí til að svara spurningum í Skólapúlsinum.

Eftirfarandi þættir eru mældir í nemendakönnun Skólapúlsins:

Ánægja af lestri, áhugi og ánægja af stærðfræði, áhugi og ánægja af náttúrufræði, trú á eigin námsgetu, trú á eigin vinnubrögð í námi, þrautseigja í námi, sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, tíðni eineltis, tegund eineltis, staðir eineltis, hreyfing, mataræði, samsömun við nemendahópinn, samband nemenda við kennara, agi í tímum, virk þátttaka í tímum, mikilvægi heimavinnu í náminu og að lokum eru tvær opnar spurningar um hvað nemendum þyki gott við skólann og hvað slæmt.

Valið á spurningunum sem í þeim eru byggir að mestu á rannsóknum á íslenskum PISA gögnunum og kvörðum frá Námsmatsstofnun og HBSC (Health Behaviour in School-Aged Children) rannsókninni sem er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Lýðheilsustöðvar. Valið er endurskoðað árlega að vori á samráðsfundi með notendum kerfisins.

Viðmið Akurskóla er að vera á landsmeðaltali eða yfir því.

Helstu niðurstöður

Virgni nemenda í skólanum

Matsþáttur	Skólinn	Landið	Mismunur
Ánægja af lestri	5,2	5,0	+0,2
Þrautseigja í námi	5,2	5,6	-0,4
Áhugi á stærðfræði	5,6	5,5	+0,1
Ánægja af náttúrufræði	5,2	4,8	+0,4
Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,9	5,0	-0,1
Trú á eigin námsgetu	4,5	4,9	-0,4

Í þessum þætti er ánægjulegt að sjá að ánægja nemenda af lestri og áhugi á stærðfræði og náttúrufræði er að aukast. Þetta er jákvæð þróun frá síðasta ári. Enn þarf að vinna í þáttum eins og þrautseigju í námi, trú á eigin vinnubrögðum og trú á eigin námsgetu þó enginn af þessum þremur þáttum sé marktækt undir landsmeðaltali.

Umbótaætlun

Skólinn hyggst innleiða stefnu er kallast Leiðtogiinn í mér (Leader in me) á næsta skólaári sem eflir mjög þá þætti sem eru veikir hér. Einnig gæti innleiðing á spjaldtölvum á unglingsstigi haft áhrif en stefnt er að því að tveir árgangar af þremur verði með spjaldtölvum í námi á næsta ári.

Líðan og heilsa

Matsþáttur	Skólinn	Landið	Mismunur
Sjálfsálit	4,9	5,1	-0,2
Stjórn á eigin lífi	5,1	5,1	0
Vellíðan	5,0	4,9	+0,1
Einelti	4,9	5,1	-0,2
Tíðni eineltis	11,8%	13,9%	-2,1
Hreyfing	68,2%	65,9%	+2,3
Mataræði	4,9	4,9	0

Í þessum þáttum eru einnig jákvæðar breytingar frá fyrra ári. Vellíðan eykst og einelti og tíðni eineltis lækkar. Nemendur hreyfa sig einnig meira en almennt gerist. Sjálfsálit er rétt undir landsmeðaltali og tengist það jafnvel þeim þáttum sem nefndir voru hér að framan um þrautseigju og trú.

Umbótaætlun

Skólinn hyggst innleiða stefnu er kallast Leiðtögin í mér (Leader in me) á næsta skólaári sem vinnur mjög mikið með styrkleika einstaklinga og að efla sjálfstraust þeirra.

Skóla- og bekkjarandi

Matsþáttur	Skólinn	Landið	Mismunur
Samsömun við nemendahópinn	5,2	5,0	+0,2
Samband nemenda við kennara	5,6	5,5	+0,1
Agi í tímum	4,9	5,1	-0,2
Virk þátttaka nemenda í tímum	5,7	5,4	+0,3
Mikilvægi heimavinnu í náminu	5,3	5,2	+0,1

Í þessum þætti er mjög jákvæð niðurstaða. Nemendur samsama sig nemendahópnum, eiga í góðu sambandi við kennarana, eru virkir og telja heimanám mikilvægt. Eini þátturinn sem er rétt undir landsmeðaltali er agi í tímum og gæti það skýrst af ýmsum þáttum. Kynna þarf skólareglur betur fyrir starfsmönnum og setja betur niður úrræði við agabrotum.

4.1.2 Foreldrar

Foreldrakönnunin mælir 41 þátt í fimm flokkum. Flokkarnir eru: nám og kennsla, velferð nemenda, aðstaða og þjónusta, foreldrasamstarf og heimastuðningur. Könnunin var framkvæmd í febrúar. Könnunin er gerð fyrir foreldra barna á öllum aldurstigum grunnskólans. Búið er til 120 foreldralíkindaúrtak úr lista sem skólinn sendir inn í kerfið í janúar. Í þeim tilfellum þar sem tvö netföng eru skráð á foreldra er spurningalistanum skipt í tvennt og helmingur listans sendur á sitt hvort netfangið. Öðru hvoru foreldrinu eða báðum í sameiningu er þó frjálst að svara báðum hlutum. Fjöldi þátttakenda í Akurskóla var 228. Fjöldi svarenda var 172 og svarhlutfall 75,4%

Mælingar eru ýmist birtar sem tugabrot eða prósentutala. Ef niðurstaða í ákveðnum þætti er eingöngu byggð á einum þætti þá er um prósentutölu að ræða. Sem viðmiðunarregla er meðaltalsmunur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Ef mælingin skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða fyrir neðan niðurstöðu annarra skóla miðað við 90% öryggismörk er mismunurinn tilgreindur fyrir aftan nafn þáttarins með bláum stöfum +/- X,X.

Viðmið Akurskóla er að vera á landsmeðaltali eða yfir því.

1. Nám og kennsla

Matsþættir	Niðurstaða	N	Viðmið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	4,9	72	4,9	3.875	-0,0
1.2. Nám í takt við grunnstoðir aðalnámskrár að mati foreldra	5,1	70	4,9	3.809	0,1
1.3. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	97,2%	69 _{/71}	89,9%	3409 _{/3790}	7,2%*
1.4. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	86,3%	63 _{/73}	83,2%	3186 _{/3828}	3,1%
1.5. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	83,3%	60 _{/72}	75,4%	2899 _{/3847}	8,0%*
1.6. Hæfileg áhersla á námsmat með hefðb. prófum að mati foreldra	71,6%	53 _{/74}	76,0%	2902 _{/3819}	-4,4%
1.7. Hæfileg áhersla á annað námsmat en hefðb. próf að mati foreldra	79,2%	57 _{/72}	76,8%	2870 _{/3738}	2,4%
1.8. Athugasemdir foreldra um einstakar námsgreinar	-	0	-	-	-

Í þættinum nám og kennsla er Akurskóli hvergi marktækt undir viðmiðum skólans en er þó með -4,4% í lið 1.6 þar sem spurt er um um hæfilega áherslu á námsmat með hefðbundnum prófum að mati foreldra. Það er ánægjulegt að sjá að foreldrar eru ánægðir með stjórnun skólans og þar er marktækur munur upp á 7,2%. Einnig telja foreldrar hæfilegan aga í skólanum og þar er marktækur munur upp á 8,0%.

2. Velferð nemenda

Matsþættir	Niðurstaða	N	Viðmið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	4,9	100	4,8	4.467	0,0
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	93,1%	67 _{/72}	88,2%	3344 _{/3792}	4,9%
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	93,2%	69 _{/74}	91,5%	3547 _{/3875}	1,7%
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	91,7%	66 _{/72}	91,6%	3543 _{/3868}	0,1%
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	88,9%	64 _{/72}	89,7%	3474 _{/3875}	-0,8%
2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	8,6%	6 _{/70}	10,8%	375 _{/3470}	-2,2%
2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	68,4%	13 _{/19}	58,4%	488 _{/836}	10,0%*
2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	83,3%	15 _{/18}	53,8%	433 _{/805}	29,5%*
2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	89,1%	57 _{/64}	80,9%	2828 _{/3497}	8,2%*
2.10. Meðaltímabil eineltis	1,4	19	1,6	837	-0,2
2.11. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	-	-	-	-

Í þættinum velferð nemenda nær skólinn einnig viðmiðum sínum í öllum þáttum. Annað árið í röð er ánægja foreldra mikil með úrvinnslu í eineltismálum, hraða í vinnslu og eineltisáætlun

skólans. Þetta er mikilvægur þáttur sem sinnt er af eineltisteymi skólans og verður því haldið áfram næsta ár.

3. Aðstaða og þjónusta

Matsþættir	Niðurstaða	N	Viðmið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	6,1	73	5,2	3.688	0,9*
3.2. Ánægja foreldra með tómstundabjónustu/frístundaheimili	5,6	25	4,9	1.321	0,8*
3.3. Hlutfall nemenda í tómstundabjónustu/frístundaheimili	33,8%	25 _{/74}	35,3%	1362 _{/3855}	-1,5%
3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómstundabjónustu	-	-	-	-	-
3.5. Ánægja foreldra með sérkennslu/stuðning í skólanum	90,9%	20 _{/22}	89,2%	913 _{/1023}	1,7%
3.6. Hlutfall nemenda með sérkennslu/stuðning í skólanum	31,5%	23 _{/73}	27,7%	1058 _{/3826}	3,9%
3.7. Tíðni sérkennslu/stuðnings	54,5%	12 _{/22}	78,9%	798 _{/1012}	-24,3%*
3.8. Hlutfall nemenda í sérkennslu sem hafa einstaklingsáætlun	56,2%	9 _{/16}	42,1%	340 _{/808}	14,2%*
3.9. Hlutfall foreldra í samstarfi um einstaklingsáætlun	87,5%	7 _{/8}	72,5%	232 _{/320}	15,0%*
3.10. Ánægja foreldra með sálfræðibjónustu	87,5%	7 _{/8}	92,1%	305 _{/331}	-4,6%
3.11. Hlutfall foreldra sem hafa óskað eftir sálfræðibjónustu á skólaárinu	17,6%	13 _{/74}	13,4%	513 _{/3829}	4,2%
3.12. Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti	78,0%	46 _{/59}	77,3%	2517 _{/3256}	0,7%
3.13. Notkun á mötuneyti	81,1%	60 _{/74}	85,1%	3281 _{/3854}	-4,1%
3.14. Ástæður þess að nemendur nýta ekki mötuneyti	7,7%	1 _{/13}	11,4%	62 _{/545}	-3,7%

Í liðnum aðstaða og þjónusta er skólinn að ná viðmiðum sínum í flestum þáttum. Foreldrar eru ánægðir með aðstöðuna í skólanum og einnig marktækt fyrir ofan landsmeðaltal hve ánægðir þeir eru með frístundaskólann. Foreldrar eru í miklu samstarfi við skólann um einstaklingsáætlanir þeirra sem eru í sérkennslu en annað árið í röð er þó tíðni sérkennslu/stuðnings fyrir neðan landsmeðaltal. Þetta skýrist í ár aftur af miklum forföllum sérkennara á skólaárinu. Úr þessu verður reynt að bæta á næsta skólaári. Þá hefur Reykjanesbær samþykkt að styrkja þá kennara sem hafa áhuga á að bæta við sig sérkennaramenntun með því að veita þeim leyfi á launum til að sækja staðlotur.

4. Foreldrasamstarf

Matsþættir	Niðurstaða	N	Viðmið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	4,9	101	5,1	4.443	-0,2
4.2. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	75,0%	54 _{/72}	69,4%	2693 _{/3882}	5,6%
4.3. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	60,4%	58 _{/96}	58,1%	2542 _{/4376}	2,3%
4.4. Þættir í skólasterfinu sem foreldrar hafa áhrif á	-	-	-	-	-
4.5. Þættir í skólasterfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á	-	-	-	-	-
4.6. Ánægja með síðasta foreldraviðtal	97,1%	99 _{/102}	94,9%	4189 _{/4414}	2,2%
4.7. Málafni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	-	-	-	-
4.8. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	74,5%	73 _{/98}	56,3%	2471 _{/4391}	18,2%*
4.9. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	90,9%	90 _{/99}	85,1%	3623 _{/4258}	5,8%
4.10. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	86,0%	86 _{/100}	84,6%	3769 _{/4456}	1,4%

Í þættinum foreldrasamstarf er skólinn að ná öllum viðmiðum sínum fyrir utan að kennarar gætu haft meira frumkvæði að foreldrasamstarfi. Þá kemur einnig hér fram að þátttaka foreldra í gerð námsáætlana er 18,2% marktækt meiri í Akurskóla en öðrum skólum.

5. Heimastuðningur

Matsþættir	Niðurstaða	N	Viðmið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	5,3	102	5,2	4.452	0,1
5.2. Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið	4,7	99	4,8	4.426	-0,1
5.3. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	5,2	101	5,0	4.399	0,1
5.4. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	67,3%	68 _{/101}	71,5%	3144 _{/4400}	-4,1%
5.5. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	64,6%	64 _{/99}	50,7%	2240 _{/4421}	14,0%*
5.6. Væntingar foreldra um menntunarstig barns síns	69,5%	66 _{/95}	73,7%	3108 _{/4215}	-4,3%

Annað árið í röð er tími sem foreldrar aðstoða við heimanám marktækt meiri en gengur og gerist. Foreldrar telja samt sem áður að heimavinna sé ívið minni en æskilegt geti talist. Annað árið í röð eru væntingar foreldra á svæðinu til menntunarstigs barns síns lægri hér en gengur og gerist.

Umbótaáætlun

Á næsta skólaári þarf sérstaklega að bregðast við skorti á sérkennurum og sérkennslu í skólanum. Miðað við samsetningu á nemendahópnum er þörf á tveimur kennurum sem sinna að stórum hluta eingöngu sérkennslu í öllum bekkjum. Kennarar sem eru nú starfandi við skólann verða hvattir til að skoða tilboð bæjaryfirvalda um að mennta sig í faginu.

4.1.3 Starfsmenn

Starfsmannakönnun fór fram í mars og mælir 20 þætti. Að auki eru starfsmenn sem stunda kennslu beðnir um að gefa upplýsingar um átta þætti til viðbótar. Starfsmannakönnunin fer fram á netinu og er send á tölvupóstföng allra starfsmanna skv. starfsmannalista sem tengiliður Skólapúlsins sendir inn í febrúar. Fjöldi þátttakenda var 60, fjöldi svarenda: 59 og svarhlutfall því 98,3%.

Í starfsmannakönnun eru skoðaðir eftirfarandi þættir:

árangur/gæði, tilgangur, áhugi/metnaður, upplýsingaflæði, frumkvæði, viðurkenning, stjórnun, starfsþróun, móttaka nýliða, jafnrétti/jafnræði, ímynd, samvinna, starfsandi, vinnuástaða, sveigjanleiki í starfi, álag, starfsmannavelta, starfsöryggi, starfsþróunarsamtal, áreitni og einelti.

Að auki eru starfsmenn sem stunda kennslu beðnir að gefa upplýsingar um átta þætti til viðbótar, þættirnir eru:


kennsluáðferðir, viðhorf til starfsins, áreitni og einelti, mat og endurgjöf, náms- og hegðunarörðugleikar, starfsþróun kennara, skólinn sem lærdómssamfélag og stefnumótun.

Þættirnir eru metnir á mælikvarðanum 0-10 eða eftir hlutfalli valinna svarmöguleika. Ef mælingin skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða fyrir neðan niðurstöðu allra skóla sem tóku þátt í könnuninni miðað við 90% öryggismörk, er mismunurinn tilgreindur fyrir aftan nafn þáttarins með bláum stöfum +/- X,X.

1. Allir starfsmenn - Almenn

Matsþættir	Niðurstaða	N	Viðmið	N	Mismunur
1.1. Hlutfall háskólamenntaðra starfsmanna	63,3%	38 _{/60}	73,6%	2121 _{/2882}	-10,3%*
1.2. Hlutfall starfsfólks 40 ára og eldra	35,0%	21 _{/60}	68,2%	1949 _{/2856}	-33,2%*
1.3. Meðalstarfshlutfall	90,4%	60	90,5%	2.868	-0,1%
1.4. Yfirvinnutímar undanfarinn mánuð	9,0 klst.	28	10,4 klst.	1.660	-1,4 klst.
1.5. Fjarvera heila daga undanfarinn mánuð	2,7 dagar	57	1,8 dagar	2.652	0,9 dagar*
1.6. Fjarvera heila daga undanfarinn mánuð (annað)	-	9	-	-	-
1.7. Fjarvera hluta úr degi undanfarinn mánuð	1,5 skipti	56	1,0 skipti	2.676	0,5 skipti*
1.8. Fjarvera hluta úr degi undanfarinn mánuð (annað)	-	7	-	-	-
1.9. Seinkoma starfsfólks undanfarinn mánuð	0,4 skipti	58	0,3 skipti	2.819	0,2 skipti*
1.10. Starfsmannaviðtöl undanfarir 6 ár	90,0%	54 _{/60}	66,4%	1871 _{/2819}	23,6%*
1.11. Gagnsemi starfsmannaviðtals	88,0%	44 _{/50}	85,4%	1452 _{/1700}	2,6%
1.12. Tíðni áreitni meðal starfsfólks	25,9%	15 _{/58}	20,9%	581 _{/2775}	4,9%
1.13. Tíðni eineltis meðal starfsfólks	0,0%	0 _{/58}	5,3%	146 _{/2769}	-5,3%*

Í þessum þætti er ekkert sem kemur á óvart. Starfsmannahópurinn er ungur og hlutfallslega færri hér með háskólamenntun þegar allir starfsmenn eru taldir. Forföll og veikindi hafa verið mikil á skólaárinu. Starfsmannaviðtöl hófust í febrúar og því talsvert margir búnir að fara í slíkt þegar könnunin var lögð fyrir. Mjög ánægjulegt er að sjá að ekkert einelti mælist meðal starfsfólks og er það mikil breyting frá fyrra ári.



2. Allir starfsmenn - Viðhorf til skólans

Matsþættir	Niðurstaða	N	Viðmið	N	Mismunur
2.1. Starfsánægja í skólanum	5,2	59	4,9	2.807	0,3
2.2. Starfsandi innan skólans	4,9	60	4,7	2.679	0,2
2.3. Stjórnun skólans	6,0	58	4,8	2.656	1,1*
2.4. Upplýsingastreymi innan skólans	5,2	60	4,9	2.797	0,3
2.5. Starfsaðstaða í skólanum	5,8	60	4,8	2.797	1,0*

Starfsmenn hafa almennt mjög jákvætt viðhorf til skólans. Ánægja með starfsaðstöðu og stjórnun skólans er marktækt yfir landsmeðaltali annað árið í röð.

3. Kennarar - Almennar upplýsingar um kennara

Matsþættir	Niðurstaða	N	Viðmið	N	Mismunur
3.1. Meðalfjöldi vikulegra kennslustunda á kennara	25,5 st.	31	23,8 st.	1.669	1,8 st.*
3.2. Meðalfjöldi vikulegra stunda við sérkennslu og stuðning á hvern kennara	5,7 st.	7	12,3 st.	565	-6,6 st.*
3.3. Meðalstarfsaldur kennara við skólann	4,2 ár	30	9,9 ár	1.698	-5,7 ár*
3.4. Meðalstarfsaldur kennara	7,5 ár	29	14,4 ár	1.755	-7,0 ár*
3.5. Hlutfall kennara með meistaragráðu	6,7%	4/60	14,1%	405/2882	-7,4%*

Upplýsingar um kennara sem fram koma í þessum þætti styðja það sem áður er sagt. Kennarar eru með lágan starfsaldur og færri með meistaragráðu en gengur og gerist. Kennslustundir við sérkennslu og stuðning á hvern kennara eru marktækt færri í Akurskóla en í öðrum skólum.

4. Kennarar - Kennarastarfið

Matsþættir	Niðurstaða	N	Viðmið	N	Mismunur
4.1. Ánægja með kennarastarfið	5,5	31	4,9	1.645	0,7*
4.2. Trú kennara skólans á eigin getu	4,6	30	4,8	1.702	-0,1
4.3. Upplýsingamiðlun til foreldra	5,7	28	5,2	1.475	0,5*
4.4. Tími í heimavinnu á viku	69,8 mín	26	63,5 mín	1.178	6,3 mín
4.5. Tími við kennslu	57,1%	31	59,1%	1.537	-2,0%
4.6. Undirbúningur kennslu í skólanum	74,2%	23/31	63,7%	1112/1746	10,5%*
4.7. Öllum bekknum kennt í einu	32,3%	10/31	45,3%	762/1683	-13,0%*
4.8. Hópavinna í bekk	20,0%	6/30	26,3%	427/1623	-6,3%
4.9. Einstaklingsvinna í bekk	19,4%	6/31	29,2%	482/1652	-9,8%*
4.10. Einstaklingsmiðuð kennsla	45,2%	14/31	46,0%	782/1699	-0,9%
4.11. Áhersla kennara á námsmat með prófum	32,3%	10/31	21,1%	346/1643	11,2%*
4.12. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	63,3%	19/30	69,2%	1108/1602	-5,8%
4.13. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum (annað)	-	0	-	-	-

Ánægja kennara með kennarastarfið er mikil og ekki kemur á óvart að undirbúningur kennslu fer að mestu fram í skólanum þar sem kennarar hafa verið á samkomulaginu s.l. skólaár sem felur í sér bindingu á vinnutíma kennara til 16:00 alla daga. Þegar liðir 4.7, 4.8 og 4.9 eru skoðaðir er birt hlutfall þeirra kennara sem svara alltaf eða næstum alltaf. Það að hlutfall Akurskóla sé marktækt undir þarna gæti þýtt að kennarar í Akurskóla beiti fjölbreyttum kennsluaðferðum og alls ekki alltaf þeim sömu. Áhersla kennara á námsmat með prófum er þó talsverð í skólanum.

5. Kennarar - Starfsumhverfi kennara

Matsþættir	Niðurstaða	N	Viðmið	N	Mismunur
5.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	5,0	29	4,8	1.598	0,2
5.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	5,3	29	5,0	1.555	0,3
5.3. Faglegur stuðningur skólustjóra við kennara	6,6	30	5,0	1.495	1,6*
5.4. Samráð um kennslu	4,9	28	5,0	1.591	-0,1
5.5. Samvinna um kennslu	5,2	31	5,1	1.623	0,1
5.6. Valddreifing við ákvarðanatöku	6,0	29	4,8	1.348	1,2*
5.7. Virk samvinna um skólapróun og umbætur	5,2	30	4,9	1.559	0,3
5.8. Vinnuaðstæður kennara	6,2	31	5,0	1.676	1,2*

Í þessum lið þar sem spurt er um starfsumhverfi kennara nær skólinn viðmiðum sínum og gott betur. Faglegur stuðningur stjórnenda, valddreifing við ákvarðanatöku og vinnuaðstæður kennara mælist marktækt fyrir ofan landsmeðaltal. Aðrir þættir eru líka rétt við landsmeðaltal.

6. Kennarar - Mat og endurgjöf

Matsþættir	Niðurstaða	N	Viðmið	N	Mismunur
6.1. Umfang mats og endurgjafar	73,3%	22 _{/30}	62,2%	955 _{/1535}	11,1%*
6.2. Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum að mati kennara	64,5%	20 _{/31}	47,3%	722 _{/1525}	17,2%*
6.3. Sanngirni mats og endurgjafar	96,0%	24 _{/25}	88,9%	965 _{/1086}	7,1%*
6.4. Gagnsemi mats og endurgjafar	95,7%	22 _{/23}	85,6%	846 _{/988}	10,0%*
6.5. Nýting á niðurstöðum kennaramats	6,2	18	5,1	579	1,1*

Mat og endurgjöf til kennara er mikilvægur þáttur sem stjórnendur Akurskóla hafa greinilega sinnt vel þar sem allir undirþættir mælast marktækt talsvert yfir landsmeðaltali.

7. Kennarar - Símenntun kennara

Matsþættir	Niðurstaða	N	Viðmið	N	Mismunur
7.1. Meðalfjöldi daga í símenntun undanfarið ár	20,8 dagar	25	11,5 dagar	1.271	9,3 dagar*
7.2. Símenntunarbörf kennara	5,0	31	4,9	1.644	0,1
7.3. Símenntunarbörf kennara (annað)	-	1	-	-	-
7.4. Form símenntunar sem óskað er eftir	-	-	-	-	-
7.5. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 18 mán.	46,7%	14 ₃₀	60,7%	1016 ₁₆₇₃	-14,1%*
7.6. Hindranir í símenntun kennara	-	-	-	-	-

Kennarar Akurskóla hafa markvisst sinnt símenntun sinni allt skólaárið. Fræðslufyrirvöld í bænum hafa boðið upp á námskeið og samráðsfundi allt skólaárið sem kennarar hafa verið duglegir að sækja. Þá hefur innleiðing spjaldtölva í námi haft áhrif og kennarar duglegir að sækja sér endurmenntun á því sviði.

Umbótaáætlun

Þegar starfsmannakönnunin er skoðuð í heild sinni er ekki hægt annað en að segja að hún hafi komið mjög vel út. Starfsmenn eru ánægðir í vinnunni, ánægðir með stjórnun skólans, faglegan stuðning og aðstöðuna í skólanum. Það sem þarf helst að huga að er skortur á sérkennslu/sérkennara og miklum forföllum starfsmanna. Ráðning á sérkennara er í forgangi fyrir næsta skólaár og kennarar verða beðnir um að skoða tilboð bæjaryfirvalda um ívilnun í starfi ef þeir kjósa að bæta við sig viðbótarnámi í sérkennslu. Stefnt er að því að koma upp viðmiðum vegna forfalla starfsmanna með starfsþróunarstjóra. Þá yrðu forföll tekin saman og viðkomandi fengi viðtal við skólastjóra þegar forföll væru komin að ákveðnu viðmiði og síðan hjá starfsþróunarstjóra ef forföll halda áfram.

4.2 Læsi

4.2.1 Leið til læsis

Leið til læsis var lagt fyrir í 1.-4. bekk.

1. bekkur: Lesskimunarpróf í september og eftirfylgnipróf í febrúar, apríl og maí.
2. - 4. bekkur: Sjónrænn orðaforði og lesfimi í október og febrúar.

Kennarar lögðu prófin fyrir og fengu stöðuna á hverjum nemenda miðað við stöðu jafnaldra á landsvísu og unnu út frá henni í samráði við sérkennara. Deildarstjóri sérkennslu hafði yfirsýn með fyrirlögn.

Umbótaáætlun

Niðurstöður lesskimunarprófs voru sendar heim og foreldrum bent á leiðir til úrbóta. Aðrar niðurstöður voru kynntar á viðtalsdegi í janúar og í námsmati að vori. Í kjölfarið af skimun í 1. bekk var nemendum raðað í lestrarhópa eftir getu. Niðurstöðum lesskimunar var skilað inn til Fræðsluskrifstofu.

Þá voru lestrarfræðingur og talmeinafræðingur fengnir til að halda námskeið fyrir foreldra nemenda í 1. bekk til að skerpa enn frekar á mikilvægi lesturs og málskilnings sem leiðir af sér betri málskilning.

4.2.2 Orðarún

Lesskilningsprófið Orðarún var lagt fyrir í 3.-8. bekk.

- 3. bekkur: Lagt fyrir í nóvember og mars
- 4. bekkur: lagt fyrir í október og mars.
- 5. - 8. bekkur: Lagt fyrir í október og febrúar.

Umsjónarkennarar lögðu prófin fyrir og fóru yfir þau. Deildarstjóri sérkennslu hafði yfirumsjón með fyrirlögn.

Umbótaáætlun

Í kjölfarið á fyrirlögn prófanna mátu kennarar niðurstöður og fylgdu þeim eftir með þjálfun í bekk.

4.3 Logos-læsissskimun

- 3. bekkur: lagt fyrir í janúar og endurmat í maí.
- 6. bekkur: lagt fyrir í nóvember og endurmat í maí.
- 9. bekkur: lagt fyrir í september og endurmat í maí.

Deildarstjóri sérkennslu og fulltrúar frá Fræðsluskrifstofu lögðu prófið fyrir. Niðurstöðum var skilað inn til Fræðsluskrifstofu sem vann úr þeim.

4.3.1 3. bekkur

Í Logos-læsissskimunum er bæði mældur leshraði og lesskilningur. Niðurstöður fyrir 3. bekk eru eftirfarandi:

3. bekkur				
Leshraði	yfir 30	milli 15 og 30	undir 15	samtals
Fjöldi nem:	32	5	8	45
	71,11%	11,11%	17,78%	100,00%
Lesskilningur				
Fjöldi nem:	34	6	5	45
	75,56%	13,33%	11,11%	100,00%

Umbótaætlun

Dröfn Rafnsdóttir og Hafdís Garðarsdóttir kennsluráðgjafar frá Fræðsluskrifstofu kynntu niðurstöður fyrir kennurum, deildarstjóra sérkennslu og skólastjórum á fundi og úrræði voru rædd. Niðurstöður voru sendar á foreldra með upplýsingum um hvernig þeir geta þjálfað barnið sitt.

Í skólanum:

Nemendur undir 60 í leshraða fá mínútuspjöld til heimaþjálfunar.

- Allir fá ABC-mínútulestur í skólanum.
- Allir nemendur lesa upphátt fyrir kennara daglega. Nemendur sem eru undir 15 í hljóðaaðferð fá lestur tvisvar sinnum á dag.
- Nemendur sem hafa ekki vald á lestraraðferðunum fá kennslu hjá aukakennara 3 tíma á viku. Nemendur sem eru eftir í þroska fá lestrarþjálfun hjá stuðningsfulltrúa.
- Nemendur sem eru undir 30 í lesskilningi fá þjálfun í lesskilningi, einu sinni í viku hjá aukakennara. Stuðst verður við Lesið til skilnings og Lestrarkassann.
- Nemendur sem eru með veikleika í leshraða fá leshraðaþjálfun, einu sinni í viku hjá aukakennara.

Mat: Nemendur undir 60 í leshraða verða endurmetnir í leshraða og lesskilningi í vor.

Raddlestrarpróf í maí.

Þessi áætlun gekk ekki alveg eftir því aukakennarinn fór í veikindaleyfi í febrúar og ekki náðist að leysa hana af.

Nemendur sem voru milli 12,40 og 60 í leshraða voru endurmetnir í vor og fór þeim flestum fram. Einungis tveir eru enn undir erfiðleikamörkum í leshraða og lesskilningi. Annar þeirra hafði bætt sig lítillega en hinum hafði farið aftur. Fimm nemendum var vísað í lesgreiningu. Sú vinna fer fram í haust og fá þau þjálfun að henni lokinni.

4.3.2 6. bekkur

Niðurstöður úr Logos-læsissskimun í 6. bekk urðu eftirfarandi:

6. bekkur				
Leshraði	yfir 30	milli 15 og 30	undir 15	samtals
Fjöldi nem:	24	2	10	36
	66,67%	5,56%	27,78%	100,00%
Lesskilningur				
Fjöldi nem:	23	4	9	36
	63,89%	11,11%	25,00%	100,00%

Umbótaætlun

Dröfn Rafnsdóttir og Hafdís Garðarsdóttir kennsluráðgjafar frá Fræðsluskrifstofu kynntu niðurstöður fyrir kennurum, deildarstjóra sérkennslu og skólastjórum á fundi og úrræði voru rædd. Foreldrar fengu upplýsingar um stöðu nemenda á samtalsdegi í janúar.

Tveimur nemendum var vísað í lesgreiningu. Þeirri vinnu er lokið og greindist annar með dyslexíu.

Nemendur sem voru með veikleika í lesskilningi fengu lesskilningsþjálfun hjá aukakennara á haustönn.

Allir fengu 3 vikna lestrarsprett á haustönn, fjórum sinnum í viku 2 tíma í senn; nemendur voru með lestrarbók við hæfi og vinnubók. Það var einnig yndislestur og tímataka þ.e. endurtekinn lestur og ABC-mínútulestur. Lestrarspretturinn var mjög gagnlegur fyrir nemendur sem lásu venjulega ekki heima, áhugi þeirra á lestri jókst og þeim fór fram.

Hluti af hópnum var endurmetinn að vori og fór þeim fram í leshraða og lesskilningi. Það hefði þurft að endurmeta fleiri. Nemendur voru líka hraðlestrarprófaðir og fór flestum fram. Þeir sem eru með lestrarerfiðleika og lesa ekki reglulega heima fór aftur eða stóðu í stað.

4.3.3 9. bekkur

Niðurstöður úr Logos-læsissskimun í 9. bekk urðu eftirfarandi:

9. bekkur					
Leshraði	yfir 30	milli 15 og 30	undir 15	samtals	Stafsetning
Fjöldi nem:	21	3	8	32	1-6 villur
	65,63%	9,38%	25,00%	100,00%	65%
Lesskilningur					
Fjöldi nem:	21	5	6	32	7 og fleiri
	65,63%	15,63%	18,75%	100,00%	35%

Umbótaætlun

Dröfn Rafnsdóttir og Hafdís Garðarsdóttir kennsluráðgjafar frá Fræðsluskrifstofu kynntu niðurstöður fyrir kennurum, deildarstjóra sérkennslu og skólastjórum á fundi og úrræði voru rædd. Niðurstöður voru sendar á foreldra og hvatt til aukins heimalesturs.

Einum nemanda var vísað í lesgreiningu og greindist hann með dyslexíu. Hann fékk þjálfunarefni og bætti sig talsvert í leshraða. Tveir aðrir eru á leið í greiningu. Nemendur voru allir hraðlestrarprófaðir á vorönn og var staða þeirra almennt slök. Þeirri vinnu þarf að fylgja eftir á næsta skólaári. Fundað verður með íslenskukennurum strax haustið 2014.

Lestrartími var á mánudögum þar sem nemendur lásu, unnu fjölbreytt lesskilningsverkefni og þjálfuðust í leshraða. Auk þess var nemendum raðað í bókmenntaleshópa eftir lestrarhæfni.

Lestraráttak var að vori. Þá lásu krakkarnir bókaflökk frá Námsgagnastofnun og skrifuðu endursögn. Almennur áhugi fyrir lestri virðist hafa aukist.

Þörf hefði verið á Logos-endurmati að vori.

4.4 Talnalykill

Fulltrúar frá Fræðsluskrifstofu lögðu skimunarpróf fyrir 3. bekk og prófhefti 1c fyrir 6. bekkina í október.

4.4.1 3. bekkur

Yfir 70% rétt á prófinu	30%-70% rétt á prófinu	Undir 30% rétt á prófinu	Samtals nemendur sem tóku prófið
7	32	7	46
15,2%	69,6%	15,2%	100%

Dröfn Rafnsdóttir og Kolfinna Njálisdóttir kennsluráðgjafar frá FRÆ kynntu niðurstöður fyrir kennurum, deildarstjóra sérkennslu og skólustjórum á fundi og úrræði voru rædd.

Niðurstöðurnar voru kynntar á samtalsdegi í janúar. Niðurstöðurnar voru þær að deiling kom illa út því ekki var byrjað að leggja inn deilingu. Viku síðar hófst sú innlögn.

Umbótaætlun

Við fyrirlögn á prófunum kom fram ónákvæmni hjá nemendum í lestri á stærðfræðitáknum þ.e. nemendur byrjuðu á samlagningu og héldu því svo áfram þó komið væri að frádrætti. Kennarar unnu að því að bæta úr því. Á fundi með kennurum voru eftirfarandi atriði rædd sem þarf að æfa betur með nemendum:

- Æfa þarf nemendur betur í þrautseigju og í að taka próf/kannanir og skimanir.
- Skipta þarf hópum upp í minni hópa í fyrirlögn.
- Nemendur með sérþarfir þurfa að vera í sérhóp.
- Undirbúa þarf nemendur, fara yfir fyrirmælin með þeim. Kenna þeim að lesa fyrirmæli.

Námefnið (Sproti) er þannig byggt upp að það er könnun í lok hvers hluta. Þeir sem náðu ekki tilskildum árangri fengu viðbótarþjálfunarefni.

Kennsluráðgjafar og kennarar voru sammála um að leggja prófið fyrir aðeins seinna á næsta ári því ekki væri sanngjarnt að leggja það fyrir áður en allir prófþættir hafi verið lagðir inn.

4.4.2 6. bekkur

Yfir 70% rétt á prófinu	30%-70% rétt á prófinu	Undir 30% rétt á prófinu	Samtals nemendur sem tóku prófið
4	27	4	35
11,4%	77,1%	11,4%	100%


Umbótaætlun

Foreldrar fengu upplýsingar um stöðu nemenda á samtalsdegi í janúar.

Kennari setti niðurstöðurnar upp í exel og sá út hvar styrk- og veikleikarnir væru og unnu svo út frá því. Nemendum var skipt í hópa, hrað – og hægfærð. Aukakennari kom inn og kenndi hópnum sem var í hægfærð. Flestum nemendum fór fram.

4.5 Samræmd próf

Á haustin þreyta nemendur í 4., 7. og 10. bekk samræmd próf í íslensku, stærðfræði og 10. bekkur einnig í ensku. Þessi samræmdu próf eru tekin á sama tíma á öllu landinu og eru ein leið af mörgum til að afla upplýsinga um stöðu nemenda og einnig stöðu skólans. Það er Námsmatsstofnun sem vinnur úr prófunum og sendir skólanum niðurstöðurnar og hver staða skólans er í samanburði við aðra skóla á landinu. Stjórnendur og kennarar rýna síðan í þessar niðurstöður og þá sérstaklega í framfarastuðul hvers og eins nemenda.



4.5.1 4. bekkur

Í 4. bekk í íslensku vorum við yfir landsmeðaltal og vorum að hækka okkur frá því í fyrra, það er gleðilegt en að sjálfsögðu viljum við gera betur. Einnig hækkuðum við okkur í stærðfræði en erum þó undir landsmeðaltali.

Þættir íslenskunnar skiptust svona niður: Í stafsetningu var talan 31,4, í lestri/hlustun 30,3, málnotkun 28,8 og ritun 30,9. Í þremur þáttum af fjórum erum við yfir landsmeðaltali.

Þættir stærðfræðinnar skiptust svona niður: Í reikningi var talan 28,8, í tölum 27,8 og í rúmfræði 27,6.

Umbótaáætlun

Lögð verður meiri áhersla á lestur með lestrarsprettum og sérstök áhersla verður á að kennarar láti nemendur lesa á hverjum degi í skólanum. Þeir nemendur sem búa við aðstæður þar sem heimalestri er ekki sinnt fá aukna þjónustu í skóla. Sérkennari kemur inn í nemendahópa í íslensku og stærðfræði. Kennarar verða hvattir til að halda áfram að kynna sér vel nýja aðalnámskrá og þá grunnþætti sem nemendur þurfa að ná ásamt því að fara vel yfir þá færni

sem nemendur eiga að hafa náð miðað við aldur og getu. Kennarar skoða kennsluhætti sína og greina stoðkerfi nemenda sinna.

4.5.2 7. bekkur

Í 7. bekk í stærðfræði vorum við yfir landsmeðaltal og vorum að hækka okkur nokkuð frá því í fyrra. Við erum ánægð með þennan árangur en að sjálfsögðu viljum við gera betur. Einnig hækkuðum við okkur í íslensku en erum þó undir landsmeðaltali og ætlum okkur að gera enn betur.

Hér má sjá hvernig við komum út skoðað út frá ákveðnum þáttum:

Þættir íslenskunnar - í stafsetningu var talan 28,6, í lestri/hlustun 26,6, málnotkun 30,9 og ritun 29,9.

Þættir stærðfræðinnar - í reikningi var talan 30,4, í tölfræði 30,4 og í rúmfræði 29,7.

Þegar framfarir nemenda úr 4. í 7. bekk eru skoðaðar kemur sú ánægjulega þróun í ljós að í íslensku eru 92% nemenda að sýna framfarir svipað og almennt gerist eða meiri og í stærðfræði eru 93% nemenda að sýna sömu framfarir.

Umbótaáætlun

Prófhefti 1c í Talnalykli, sem er skimunarpróf í stærðfræði, var lagt fyrir 7. bekkina í desember og í kjölfarið miðuðu kennarar kennsluna út frá niðurstöðunum t.d. með því að fara dýpra í hvert atriði því grunninn vantaði og einnig sendu kennarar þjálfunarefni heim og foreldrar hvattir til að aðstoða börnin sín.

4.5.3 10. bekkur

Í 10. bekk voru niðurstöður samræmdra prófa ekki nógu góðar þetta skólaárið og ljóst er að við þurfum að skoða hvað þarf að gera betur. Í öllum prófunum vorum við undir landsmeðaltali.

Hér má sjá hvernig við komum út skoðað út frá ákveðnum þáttum:

Þættir íslenskunnar - í málfræði var talan 22,4, í lestri/bókmenntum 22,7 og ritun 33,1.

Þættir stærðfræðinnar - í reikniáðgerðum var talan 31,4, hlutföll 28,2, algebra 28,1 og rúmfræði 29,0.

Þættir enskunnar - lestur 29,0 og málnotkun 31,3

Þegar framfarir nemenda eru skoðaðar úr 7. í 10. bekk koma ánægjulegar niðurstöður í ljós. Í íslensku eru 92,3% nemenda að sýna svipaðar framfarir eða meiri úr 7. bekk í 10. bekk og í stærðfræði er talan 83,4%.

Umbótaáætlun

Kennarar sérhæfa sig meira í ákveðnum námsgreinum. Áfram verður hugað að hvaða námsefni hentar nýrri aðalnámskrá. Að hausti eru kennarar hvattir til að huga að líðan og góðri bekkjarstjórnun ásamt því að þjálfa nemendur í þrautseigju við verkefni. Markvissara verður farið í að allir þættir námsgreina séu kenndir og m.a. verður hlutverk deildarstjóra að samræma námsefni í stærðfræði.

4.6 Viðburðir skólans

Viðburðir í skólanum eru margir og eftir hvern viðburð er kallað eftir athugasemdum starfsfólks um hvað má gera betur og hvað gekk vel. Þá tekur atburðateymið í skólanum einnig saman athugasemdir um þá viðburði sem það skipuleggur.


Framkvæmdamat á viðburðum

Viðburður:	Hverjir mátu:	Það sem má betur fara:
Norræna skólahlaupið	Allir starfsmenn og viðburðateymi	Gekk mjög vel og flestir mjög duglegir að taka þátt.
Rýmingaræfing	Allir starfsmenn	Þarf að huga að söfnunarstað til vara ef reyk leggur yfir fótboltavöllinn. Tók of langan tíma að ákveða hvenær ætti að færa hópinn í íþróttahúsið. Gott ef nemendur væru í stafrófsröð á söfnunarstað. Smiðjuhópar haldi sér allan tímann og kennarar komi með sinn hóp til umsjónarhóps og haldi utan um sinn hóp. Sama gildir um sundhópa.
Skólaheimsókn til Akureyrar	Stjórnendur og starfsmenn	Vel heppnuð ferð þar sem við fengum fyrirlestur um læsi, heimsóttum fjóra skóla og fengum fyrirlestur um námsmat og lykilhæfni.
Jólaþema	Allir starfsmenn skólans.	Vel heppnað og fjölbreytt og skemmtileg verkefni í boði fyrir nemendur. Skólinn skemmtilega skreyttur eftir þetta þema.
Jólahátíð	Allir starfsmenn skólans.	Hafa 7. bekk á síðustu hátíðinni þar sem þau eru með helgileikinn. Láta þá sem eiga að spila á hljóðfæri mæta til tónlistarkennara, ekki umsjónarkennara. Láta fyrstu hátíðina ekki byrja fyrr en 8:30.
Öskudagur	Allir starfsmenn og viðburðateymi	Huga þarf að auknum fjölda í skólanum næsta ár við skipulagningu sérstaklega m.t.t. hádegisverðar.
Árshátíð skólans	Allir starfsmenn skólans.	Huga þarf að skiptingu í salinn og lengd atriða. Báðir deildarstjórar þurfa að vera í undirbúningi og skipulagi. Passa að það sé nægjanlega mikið af fólki í lokin til að ganga frá. Uppvaski þarf að skipta jafnt á starfsmenn skóla eftir hverja hátíð. Viðvera allra starfsmanna verði frá kl. 8:00 – 16:00 þennan dag.
Vorhátíð	Allir starfsmenn skólans og viðburðateymi.	Gera þarf gagngera breytingu á vorhátíðinni. Skipuleggja viðburði fyrir 5. – 10. bekk á nýjan hátt, taka inn nýjar greinar. Þá þarf að endurskipuleggja vinnu starfsmanna og láta kennara í yngri bekkjum fylgja sínum bekkjum en ekki vera með stöðvar. Betra að sérgreinakennarar og stuðningsfulltrúar séu umsjónaraðilar stöðva.
Undir berum himni – þema	Allir starfsmenn skólans.	Skipta þarf betur stöðum á milli aldursstiga. Ekki hægt að allir fari á sömu staðina. Ákveðið að framvegis eigi yngsta stig Narfakotsseylu, heimsókn í Landnámsdýragarðinn og Rokksafnið. Miðstigið fer í Ungmennagarðinn og er með Akurtrölllið. Elsta stigið fer í sundferð, Landnámsdýragarðinn til að vinna, veiða og ratleik um Reykjanesbæ. Þemadagarnir voru frekar seint og margir starfsmenn í leyfi, hættir eða í veikindafrii. Þetta skapaði óþarfa álag og of stóra hópa. Spurning um að skipta skólanum í tvennt, fella niður smiðjur og íþróttir þessa daga og dreifa þeim starfsmönnum á báða hópa.
Skólaslit Akurskóla	Stjórnendur	Undirbúningur fyrir skólaslit gekk mjög vel og allir tóku þátt í að gera salinn tilbúinn. Ákveðið var að hafa hrósskjölin á sal í ár hjá öllum bekkjum en 1. – 7. bekkur fór í stofur við lok athafnar með sínum umsjónarkennara til að kveðja. Skólaslitin voru alls sex talsins og hver skólaslit tóku um 40 mínútur. Á næsta ári þarf að huga að því hvort betra er að hafa hrósskjölin inn í rýmum og jafnvel færa skólaslitin í íþróttahúsið til að geta haft fleiri árganga saman.


4.7 Mötuneytið

Skólamatgur gerði könnun á viðhorfum nemenda til mötuneytisins og Skólamatgur. Helstu niðurstöður voru eftirfarandi.



Hver er almenn upplifun nemandans á skólamatnum ?



Hvað finnst nemandanum um viðmót starfsmanna í mötuneytinu?



Hvað finnst nemandanum um þann tíma sem hann hefur til að borða ?



Almenn upplifun nemenda í Akurskóla af mötuneytinu er góð, 87% nemenda hafa upplifun sem er allt í lagi eða betri. 99% nemenda finnst viðmót starfsmanna í lagi og 55% finnst tíminn sem þeir hafa til að borða hæfilegur. 38% finnst tíminn of stuttur en hádegishléið er 40 mínútur en ætlast er til að nemendur borði á 20 mínútum í 5. – 7. bekk og fari í útiveru í 20 mínútur.

Um 75% nemenda eru í áskrift í skólanum.

4.8 Samtalsdagar

Í Akurskóla eru þrjú skipulagðir samtalsdagar. Sá fyrsti er að hausti, næsti í janúar í tengslum við námsmat og þriðji í maí.

4.8.1 Haustfundir

Þetta skólaár var ákveðið að hafa ekki einn ákveðinn dag fyrir samtalsdag að hausti. Kennarar boðuðu foreldra í viðtöl eftir kennslu eða að kvöldi. Einnig voru nokkrir árgangar með hópfund með foreldrum og buðu að auki upp á einstaklingsviðtöl fyrir þá sem þess óskuðu. Markmið með fundunum var að leggja línurnar fyrir komandi skólaár, foreldrar fengu tækifæri til að hitta kennara barnsins og er það sérstaklega jákvætt þegar nýr kennari er að taka við hóp. Mjög góð mæting var í viðtölin en kennarar töluðu um að mikið álag væri að bæta viðtölum við kennsludaginn. Lagt til að tekinn verði upp hefðbundinn samtalsdagur haustið 2014.

4.8.2 Janúarfundir

Nemendur fengu afhent vitnisburð sinn föstudaginn 17. janúar. Í kjölfarið þ.e. þriðjudaginn 20. janúar var hefðbundinn samtalsdagur. Flestir kennarar ræddu niðurstöður námsmats á þessum degi, hvernig hefði gengið og hvert skyldi halda. Einnig var farið yfir skimanir sem höfðu borist á haustönn og foreldrar fengu æfingarpakka með sér heim fyrir börnin ef þurfa þótti. Almenn mjög góð mæting og ánægja með daginn.

4.8.3 Maífundir

Í lok maí var síðasti samtalsdagurinn. Dagurinn var helgaður mati á lykilhæfni en áður höfðu bæði kennarar og foreldrar metið lykilhæfni í Mentor. Góður tími var gefin í vinnu kennara við að meta lykilhæfnina og var sá tími vel nýttur. Matið tókst heilt yfir mjög vel og bæði kennarar og foreldrar ánægðir með þennan nýja þátt í skólastarfinu. Stefnt er að því að meta lykilhæfni tvisvar á ári næsta skólaár. Kennarar bentu á að foreldrar þyrftu skýrari fyrirmæli um hvar þeir væru að meta börnin sín þ.e. í skólanum eða heima.

4.9 Starfsmannasamtöl

Allir starfsmenn skólans fóru í starfsmannasamtöl til aðstoðarskólastjóra eða skólastjóra. Starfsmenn gátu valið stjórnanda. Starfsmenn fylltu út eyðublað með ákveðnum spurningum áður en þeir mættu til viðtals. Þessar spurningar voru notaðar sem grunnur í viðtölunum. Viðtölin gengu vel og skólastjóri og aðstoðarskólastjóri unnu úr þeim saman.

Umbótaáætlun

Upplýsingar sem komu fram í starfsmannasamtölum styðja það sem kom út í starfsmannakönnun Skólalámsins. Almenn líður starfsmönnum vel, eru ánægðir í samstarfinu og með stjórnun skólans.

Helstu punktar sem snerta skólastarfið:

- Hafa skipulagða fundi með stuðningsfulltrúum á fundadagatali.
- Hafa skipulagða fundi með starfsmönnum í frístundaskóla á fundadagatali.
- Biðja kennara um að koma með hugmyndir að teymum næsta ár.
- Hafa kennslu á bókasafni þar sem kennarar á hverju stigi koma á kynningu á bókasafni og hvernig er hægt að nota það.
- Bjóða stuðningsfulltrúum að sitja deildafundi.

4.10 Endurskoðun skólanámskrár og innleiðing nýrrar aðalnámskrár

Allt skólaárið var unnið öruggum skrefum að því að innleiða nýja aðalnámskrá og endurskoða skólanámskrá Akurskóla til samræmis. Starfsáætlun skólans ásamt bekkjarnámskrám var birt að hausti. Bekkjarnámskrár höfðu tekið miklum breytingum og kennarar lögðu mikla vinnu í að endurskoða þær.

Skólastjórnendur í Reykjanesbæ, Garði og Sandgerði funduðu reglulega á skólaárinu til að samræma fræðslu og vinnu við innleiðinguna. Einnig skiptust skólastjórnendur á hugmyndum um hvernig hægt væri að vinna með ný hugtök með starfsmannahópnum.

Reglulegir vinnufundir voru á skólatíma þar sem allir kennarar skólans tóku þátt í hópavinnu m.a. að lesa yfir almennan hluta skólanámskrár, skilgreina lykilhugtök og ákveða hvernig meta ætti lykilhæfni.

Í febrúar var almennur hluti skólanámskrár birtur á heimasíðu skólans. Hann verður í þróun á næsta skólaári en stjórnendum fannst mikilvægt að birta hann á þessu skólaári.

Á vorönn var unnið í að skilgreina lykilhæfni fyrir Akurskóla og birta á heimasíðu skólans. Einnig var ákveðið að meta lykilhæfni í Mentor og gefa foreldrum tækifæri til að gera slíkt hið sama. Haldið verður áfram með þessa vinnu á næsta ári og lykilhæfni metin tvisvar á ári.

Umsagnir á vitnisburðablöðum nemenda voru teknar til gagngerar endurskoðunar og kennarar tóku inn umsagnir um nemendur sem fólu í sér lýsingu á þekkingu, leikni og færni nemenda í ljósi nýrrar aðalnámskrár.

4.11 Niðurstöður teyma

Á skólaárinu störfuðu sex teymi; eineltisteymi, Comeniusar-teymi, viðburðateymi, Grænfánateymi, atburðateymi og Ipad-teymi. Hvert teymi fundaði einu sinni í mánuði og vann að þeim verkefnum sem skilgreind eru í hverju teymi. Öll teymi skiluðu skýrslu í lok skólaársins.

Helstu tillögur að umbótum frá teyimum voru eftirfarandi:

Eineltisteymi:

- Gera atburðadagadagatal fyrir skólaárið að hausti þar sem gert er ráð fyrir fræðslu til starfsmanna m.a. hlutverk þeirra á skólalóðinni og hvernig þeir bregðast við árekstrum, eineltisdegi, hópefli fyrir bekki og leggja fyrir tengslakannanir.
- 8.nóvember er barráttudagur gegn einelti. Þennan dag ætti ekki að vera nein kennsla. Teymið gæti komið með hugmyndir að hópeflisleikjum, verkefnavinnu eða annað sem snýr að barráttu gegn einelti.
- Teymismeðlimir séu eingöngu í eineltisteymi en ekki í öðru teymi.
- Í teyminu þurfa að sitja kennarar af öllum stigum, þroskaþjálf, umsjónarmaður frístundaskólans, stjórnandi og stuðningsfulltrúi.
- Teymið telur mjög mikilvægt að starfsmenn íþróttahússins fái fræðslu um einelti eins og starfsmenn skóla.
- Leggja þarf meiri áherslu á grunnvinnuna að hausti þar sem við erum að kynna og gera áætlun teymisins.
- Vantar fleiri spjöld á veggina þar sem eineltishringurinn er kynntur.
- Borið hefur á því að bekkjarfundir séu ekki inni á töflu hjá einhverjum bekkjum. Við teljum það vera gríðarlega mikilvægt að allir hafi bekkjarfundi í töflu.
- Huga þarf að fjölda starfsmanna á vakt á skólalóð hjá 5.-7.bekk.

Atburðateymi

- Hafa fyrirfram ákveðin verðlaun á hverju stigi – skapa ákveðna hefð.
- Hafa samstöðu kennara um þátttöku – skapa stemningu!
- Taka Stóru upplestrarkeppnina frá atburðateymi þar sem hún er nú þegar í höndum umsjónarkennara og deildarstjóra.
- Setja inn lestrarsprett í upphafi hvorrar annar – ákveðið lesefni á hverju stigi í samstarfi við deildarstjóra og starfsmann á bókasafni.
- Setja upp málsháttagetraun í kringum páskana – páskaegg í verðlaun.
- Nýtt nafn á teymið í kjölfar áherslubreytinga t.d. íslenskuteymið.

Comeniusar-teymi

Verkefninu er að ljúka þannig að umbótaáætlun á ekki við. Enga síður þá má margt betur fara ef skólinn tekur þátt í slíku verkefni aftur.

- Verkefnastjórnun þarf að vera betri og utanumhald og skipulag meira.

- Upplýsingaflæði hefur ekki verið nógu gott. Allir kennarar og starfsfólk skólans þurfa að vera betur upplýstir um hvað verkefnið snýst og hvað í því felst.
- Passa þarf að vinna við teymið lendi ekki á fárra höndum og að metnaður og áhugi sé fyrir hendi hjá þeim sem taka að sér verkefni þannig að verkefnið séu vel gerð og okkur til sóma. Auk þess þarf að bera mun meiri virðingu fyrir þeim verkefnum sem hanga uppi.
- Það þarf að halda betur utan um öll gögn sem tengjast verkefninu, vista allt samdægurs á ákveðinn stað á okkar sameiginlega svæði þannig að verkefnið og allt því tengdu sé aðgengilegt fyrir alla hvenær sem er. Þessu hefur ekki verið sinnt nægilega vel.
- Gott væri ef verkefnalýsingar væru gróflega þýddar yfir á íslensku og vistaðar á sama stað og öll hin gögnin sem að verkefninu koma.
- Einnig er mikilvægt að ljúka hverri ferð eða viðburði með skýrslugerð og jafnvel myndasýningu þar sem ferðalangarnir kæmu fram á starfsmannafundi og færu yfir það helsta úr ferðinni, það væri bæði fræðandi og skemmtilegt fyrir alla.
- Ef teymisfundir falla af einhverju ástæðum niður þarf að finna nýjan tíma og halda fundinn því mikilvægt er að halda vel utan um verkefnið.

Ipad-teymi

- Við leggjum til að teymisstjóri sé í þessu teymi og fólk sem ekki er í öðru teymi.
- Velja á ákveðin öpp sem kennarar/starfsfólk/nemendur nota.
- Nauðsynlegt að hafa fleiri „fíktíma“ og hafa tíma þar sem við lærum að hvert öðru, sýnum og sjáum hvað aðrir eru að gera.

Grænfánateymi

- Vinna áfram með sýnileika umhverfissáttmála Akurskóla. Búið er að ákveða hvernig hann verður gerður sýnilegur og settur fram og hugmynd er uppi um að framkvæma þetta í byrjun næsta skólaárs.
- Setja saman umhverfisnefnd nemenda. Þátttakendur úr henni verða af öllum stigum skólans. Einn nemandi úr hverjum árgangi og einn til vara.
- Standa fyrir frekari fræðslu víðsvegar um skólann. Þá stendur einnig til að koma upp sérstöku umhverfisverndarhorni á góðum og sýnilegum stað innan skólans þar sem allir nemendur og starfsmenn ganga um nánast daglega.

Viðburðateymi

- Endurskoða skipulag Vorhátíðar
- Huga að skipulagi allra viðburða með tilliti til fjölgunar nemenda í skólanum. Sérstaklega þarf að huga að skiptingu í hádegisverð á uppbrotisdögum.

5 LOKAORÐ

Sjálfsmat skóla er viðfangsefni sem er viðvarandi og stöðugt allt skólaárið.

Í þessari skýrslu hefur verið gerð ítarlegri grein fyrir ýmsum þáttum í skólastarfinu og bætt við þáttum sem ekki hafa verið áður í sjálfsmatsskýrslu Akurskóla.

Vinna við matið nýtist öllum starfsmönnum skólans til að bæta starfið og leggja línurnar fyrir næsta skólaár.